


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri Teikningar og verklýsingar í húsgagnasmíði THG303 Námsáætlun vorönn 2017	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari	Halldór Torfi Torfason	Sk.st.	HTT
----------------	------------------------	---------------	-----

Undanfari: THG 203

Áfangalýsing:

Í áfanganum fá nemendur enn frekari þekkingu og þjálfun í lestri og gerð húsgagnateikninga með áherslu á flóknari útfærslur, bogin form, smíðistengi og sjálfstæð vinnubrögð. Teiknaðar eru útlits- og vinnuteikningar úr verkefnasafni arkitekta og hönnuða að viðurkenndum húsgögnum. Meiri áhersla er lögð á að nemendur geti gert rúmmyndir af húsgögnum sem sýna form þeirra og lögun og fái æfingu í gerð einfaldra verklýsinga á grundvelli teikninga. Í áfanganum kynnast nemendur einnig notkun tölvutækni við gerð og miðlun teikninga og annarra hönnunargagna. Áfanginn er ætlaður húsgagnasmiðum og byggist að mestu á verkefnavinnu auk þess sem nemendur læra um viðmót og uppbyggingu algengustu teikniforríta.

Áfangamarkmið:

Nemandi

- þekki uppbyggingu og samsetningar á flóknari gerðum húsgagna
- þekki stöðluð mál á húsgögnum sem ætluð eru til almennra nota
- þekki útfærslur á flóknari samsetningum og smíðistengjum
- hafi innsýn í tæknilegar útfærslur vegna flóknari samsetninga
- þekki upplýsingar og leiðbeiningar um gerð og viðhald húsgagna
- geti lesið og unnið með flóknari teikningar af húsgögnum
- þekki allar gerðir uppdráttar og teikninga og almenn teiknitákn
- þekki fagheiti og skilgreiningar í flóknari húsgagnateikningum
- geti lesið og skilið merkingar á teikningum og meðfylgjandi verklýsingar
- geti gert einfalda verklýsingu með hliðsjón af húsgagnateikningu
- geti gert tíma- og kostnaðaráætlun fyrir smíði á flóknara húsgagni
- kynnist algengustu teikniforritum á tölvu og þekki notkun þeirra við gerð og miðlun hönnunaruppdráttar
- geti teiknað flestar gerðir húsgagna og hannað sveinsprófsverkefni
- geti gert lítaðar rúmmyndir sem sýna form og útlit húsgagna
- geti gert frihendisrissmyndir, flatar- og rúmteikningar af húsgögnum
- geti gert sniðmyndir, skurði og hlutamyndir af húsgögnum með málvikum
- geti sett fram hugmynd að húsgagni og unnið úr henni vinnuteikningar

Efnisatriði/kjarnahugtök

Húsgagnahönnun, arkitektar, húsgagnahönnuðir, hönnunarferli, hugmynd, rissmyndir, hlutverk og form, frjáls form, plast, málmar, formun, formbeygt tré, formlíming á tré, samkýling á tré, formpressun með hátíðni, lífrænn fúnksjónalismi, plastískt tré, inn-felldur spönn, eldri stíltegundir, tölvuteikning, tölvustudd hönnun.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri Teikningar og verklýsingar í húsgagnsmíði THG303 Námsáætlun vorönn 2017	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Síða 2 af 2		

Vinnan:

Vinna verður með svipuðu móti og í fyrri áföngum, þ.e. teiknuð verða verkefni að vali kennara og þau unnin innan ákveðins tíma.

Aðalverkefni annarinnar verður hönnun og teikning lokaverkefnis í tengslum við LHG106, ásamt efnisskýrslu, aðgerðalista og verklýsingu fyrir það verkefni. Skoðuð verða ýmis húsgögn og smíði þeirra með áherslu á vinnuteikningar.

Rífaðar verða upp aðferðir við stigateikningar í tengslum við verklega áfangann TRS102 og teiknaðir tveir tréstigar.

Vikuáætlun:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Vika	Verkefni – Lýsing námsmatsþátta		Vægi
2 – 3	Stigar – Timburstigi sem smíðaður verður í TRS102		15%
3 – 9	Hönnun og teikning lokaverkefnis í LHG106 Teikningar, efnisskýrsla, aðgerðalisti, kostnaður, kynning		55% (25%+10%+10%+5%+5%)
10 – 16	Stigar – Vinnutrappa		15%
16 – 18	Náttborð – sveinsprófsverkefni		15%
Samtals:			100%
<i>Athugið: Með vikunúmer er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU.</i>			

Námsmat:

Áfanginn er próflaus og gilda verkefni 100% til einkunnar. Verkefnum skal skila útprentuðum fyrir 5. maí 2017.

Námsefni:

Ljósrit frá kennara og efni annarra fagtengdra áfanga

Ath:

Gert er ráð fyrir að nemendur geti þurft að vinna við teikningar utan kennslutíma, annað hvort í skólanum eða heima. Nemendaaðgangur að AutoCad er á slóðinni:

<http://www.autodesk.com/education/free-software/autocad-architecture>

Dagsetning: 7. janúar 2017



Undirritun kennara



Undirritun þrautarstj., fagstj eða staðgengils